

Reykjavík 05. nóvember 2014

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis). Þingskjal 17 – 17. mál.**

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lýsa yfir áhyggjum sínum við framkomið lagafumvarp þar sem lagt er til að einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis verði aflagt og smásala áfengis verði að ákveðnu marki frjáls.

Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að aukið aðgengi að áfengi leiði til aukinnar neyslu þess. Aukin áfengisneysla er líkleg til að hafa slæm áhrif á líf barna. Ekki bara barna sem verða fyrir neikvæðum áhrifum af áfengisneyslu foreldra sinna eða forsjáradíla, heldur líka barna og ungmenna sem freistast til áfengisdrykkju vegna auðveldara aðgengis. Þeim mikla árangri sem náðst hefur með forvarnarstarfi liðinna ára og birtist í minnkandi áfengisneyslu á meðal unglunga, er stefnt í hættu ef frumvarpið verður að lögum.

Börn eiga rétt á vernd og umönnun eins og velferð þeirra krefst og jafnframt rétt á að lifa og þroskast við bestu mögulegu aðstæður. Ísland hefur lögfest barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem meðal annars er kveðið á um þessi og önnur mannréttindi barna og gildir sáttmálinn sem íslensk lög.

Samkvæmt barnasáttmálanum skal það sem barni er fyrir bestu ávallt hafa forgang við ráðstafanir sem varða börn. Þetta þýðir að við allar samfélagslegar ákvarðanir sem teknar eru og varða líf barna verður að hafa sjónarmiðið um það sem barni er fyrir bestu ráðandi.

Því þarf að spyrja hvort það að leyfa áfengissölu í matvöruverslunum sé börnum samfélagsins fyrir bestu þegar tillagan er til meðferðar fyrir Alþingi. Því fylgir að spyrja hvort rétt sé að hverfa frá núverandi fyrirkomulagi þar sem allir sem vilja og hafa aldur til geta keypt sér áfengi og aðgengi er gott, þótt stundum þurfi að sýna fyrirbyggju. Einnig þarf að íhuga hvort rétt sé að leyfa áfengissölu í matvöruverslunum og hætta þar með á að glata þeim mikla árangri sem náðst hefur af áfengisforvörnum undangenginna ára.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi skora á þingmenn að segja nei við tillögu þessari um að einkaleyfi ÁTVR á áfengissölu verði aflagt.

Hér má finna tilvísanir í rannsóknir og frekari upplýsingar:

<http://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item24908/Afengi-og-heilsa-landsmanna>

<http://naumattum.is/page/1okt2014>

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri